

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í Varmárskóla í Mosfellsbæ
miðvikudaginn 30. janúar 2002 kl. 9,30.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

1. Aðsent efni.

- Áskrift hjá Margmiðlun vegna heimasíðunnar. Stefán Ómar lætur setja hana á boðgreiðslur.
- NoMU, fundarboð fyrir aðalfund í apríl. Vilborg Jónsdóttir fer á þann fund sem fulltrúi SÍL og SÍSL. Þarnæsti fundur verður í Færeyjum í október og mun Birgir fara á þann fund. Ánægjulegt að Færeyingar séu að koma meira inn í starf NoMU, en þeir hafa ekki sótt síðustu fundi.
- DAO-blaðið. Mjög fínt blað, vandað og fræðandi jóla-og nýárseintak. Athuga þyrfti með að fá áskrift fyrir íslenskar sveitir að þessu blaði.
- Fréttabréf Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar. Birgir sýndi nýtt fréttabréf Skólahljómsveitarinnar en fyrsta tölublaðið kom út nú í janúar. Þetta er gott framtak og mjög gott að hafa svona miðil til að koma frá sér tilkynningum og fréttum úr starfi sveitanna.

2. Nótur. Össur kynnti 10 útsetningar sem hafa verið unnar á síðustu tveimur árum og eru ætlaðar A og B sveitum sérstaklega. Birgir og Stefán Ómar vilja gjarnan að SÍSL kaupi allan þakkann, enda séu þessar útsetningar í samræmi við þá stefnu SÍSL að gefa út meira efni fyrir byrjendur. Umræða skapaðist um greiðslur fyrir útsetningar sem hafa hingað til verið mjög lágar og ekki í samræmi við tilkostnað og vinnuframlag. Rætt um að setja upp ákveðið viðmið fyrir greiðslum fyrir útsetningar:

- Einföld útsetning, A-sveitar styrkleiki.....30,000
- Einföld útsetning, B-sveitar styrkleiki.....50,000
- Fullunnin útsetning, C-sveitar styrkleiki70,000
- Stór útsetning, D-sveitar styrkleiki90,000

Miðað er við að þessar 10 útsetningar gætu kostað um 15 – 20.000 fyrir hverja sveit, og er þá hver útsetning á u.þ.b. 1500 – 2000 krónur sem eftir sem áður er mjög lítill kostnaður. Þess ber líka að gæta að allar hljómsveitir ættu að geta nýtt sér þetta efni, því það er einfalt og aðgengilegt.

3. **Lúðrasveit Æskunnar.** Enn er ekki komið á hvreint hvern LÆ verður háttað þetta árið. Breytingar á skólatíma bæði í grunnskólum og tónlistarskólum hafa þar með annars nokkur áhrif. Stjórn SÍSL hallast helst að því að hafa sumarmót, t.d. frá fimmtudagskvöldi til sunnudags og þá jafnvel helgina eftir 17. júní. Þá mætti byrja æfingu kl. 20 á fimmtudegi, kl. 16 á föstudegi og hafa síðan langan laugardag, frá kl. 10 – 16. Sunnudeginum yrði varið í stutta generalprufu og tónleika. Tónleikastaðir gætu verið Hafnarborg, Viðistaðakirkja eða Ráðhús Reykjavíkur. Ákveðið að boða Þorleik, framkvæmdastjóra LÆ á næsta fund til að ræða málið frekar.
4. **Næsta landsmót.** Næsta landsmót verður haldið á Akureyri næsta vor. Dagsetningin er 13. – 15. júní 2003 og ættu menn að setja þessa dagsetningu strax í dagbækurnar sínar.
5. **Dagur Lúðrasveitanna.** Enn er verið að huga að því að koma á degi lúðrasveitanna. Hugmyndin um laugardag fyrir sjómannadag virðist ætla að ganga upp, þó svo að á þessum degi gætu verið útskriftir í framhaldsskólum og prófum í grunnskólum ekki allstaðar lokið. Ákveðið að stefna á þennan dag og minna stjórn SÍL á daginn.
6. **Næstu fundir.** Næsti fundur boðaður í Hafnarfirði þann 13. febrúar kl. 9,30.

Ekki fleira gert og fundi slitið um kl. 11,30

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn að Urðarstíg 10 í Hafnarfirði
miðvikudaginn 20. janúar 2002 kl. 9,30.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson. Þorleikur Jóhannesson framkvæmdarstjóri LÆ var boðaður á fund en tilkynnti forföll vegna veikinda skömmu eftir að fundur hófst.

1. **Árgjöld SÍSL.** Greiðsluseðlar eru farnir út fyrir árgjaldinu að upphæð 7.500 krónur.
2. **Heimasíðan.** Nýlega var heimasíðunni breytt þannig að hægt er að vinna hana með forritinu FrontPage. Þar með verða allar breytingar og uppfærslur mun auðveldari og gefur síðunni möguleika á að verða lifandi og virk. Upplýsingar um tónleika og annað í starfi íslenskra skólalúðrasveita sem frétt næmt er, verða birtar á síðunni og því er nauðsynlegt að tilkynningar um slíkt séu sendar til umsjónarmanns síðunnar (Össurar), á netfangið brass@centrum.is.
3. **Lúðrasveit Æskunnar.** Stefnt að sumarnámskeiði, helgina eftir 17. júní. Vegna forfalla Þorleiks var ekki farið nánar í málefni LÆ, en ákveðið að boða fund að nýju innan skamms tíma.
4. **Dagur lúðrasveitanna.** Stefnt er að því að halda hátíðlegan dag lúðrasveitanna laugardaginn 1. júní. Hugmyndir komu fram um skrudgöngu sem flestra lúðrasveita niður Laugavegin, jafnvel í samvinnu við Hitt Húsið, sem ef til vill getur útvegað hópa til að ganga í göngunni á milli hljómsveitanna. Hugmynd um sameiginlega tónleika á Ingólfstorgi þar sem þær sveitir sem ekki “marsera” gætu verið með. Einnig kom upp hugmynd um tónleika í Vetrargarðinum í Smáralind, til að þurfa ekki að hafa áhyggjur af veðrinu. Til að ganga betur frá dagskrárhugmyndum er nauðsynlegt að halda fund með stjórn SÍL innan skamms.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 10,45

Össur Geirsson
ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn að Urðarstíg 10 í Hafnarfirði

fimmtudaginn 21. mars 2002 kl. 9,30.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson. Þorleikur Jóhannesson framkvæmdarstjóri LÆ var boðaður á fund en tilkynnti forföll vegna vinnu eftir að fundur hófst.

- 1. Almenn.** Í upphafi fundar var rætt um hljóðfærakennslu á skólatíma og mismunandi afstöðu fræðslufirvalda til slíkra mála. Einnig var fjallað um hugmyndir um að stofna sérstaka skólalúðrasveit í Hafnarfirði, með lauslegum tengslum við tónlistarskólann á staðnum. Það fyrirkomulag að reka skólalúðrasveit sem sjálfstæðan skóla virðist ganga mjög vel upp og vera gott svar við aukinni aðsókn í tónlistarskóla landsins. Einnig var rætt um Lúðrasveit Æskunnar en vegna forfalla Þorleiks, framkvæmdastjóra LÆ var nánari umræðu um hana frestað.
- 2. Nótur.** Stefnt að því að koma út hinum nýju útsetningum Össurar í apríl. Hann mun yfirfara allar raddir og samræma uppsetningu. Rætt um jólalög og hvort SÍSL eigi að gefa þau út á sama formi og undanfarið eða selja þau utan SÍSL, t.d. í gegn um Tónastöðina.
- 3. Dagur lúðrasveitanna.** Orðið aðkallandi að hitta stjórn SÍL vegna þessa máls. Ákveðið að halda fund með þeim fljótlega. Stefnt að því að hafa uppákomur sem víðast í tilefni dagsins, þann 1. júní næstkomandi.
- 4. BrazzBrothers.** Rætt um hljómsveitina BrazzBrothers og hvort áhugi sé fyrir því að kaupa þá hljómsveit til landsins til að vera með námskeið fyrir hljómsveitarstjóra í því að vinna tónleikaprógramm án nótna. Áhersla á jazztónlist og afríska strauma. Ljóst að kostnaður yrði mikill og óvíst með þátttöku. Hugmynd söltuð að sinni.
- 5. Accent on Achievement.** Össur gerði grein fyrir áhuga Alfreds Publication á að gefa út í samvinnu við Tónastöðina íslenskt hliðarefni við kennsluefnið *Accent on Achievement*. Þetta efni hentar nokkuð vel fyrir íslenskar aðstæður og myndi verða enn heppilegra með íslenskum lögum, tónfræði- og spunaefni
- 6. Styrkur frá ESB.** Stefán Ómar kom með þær ánægjulegu fréttir að skólalúðrasveitin í Hafnarfirði hefur fengið dagóðan styrk frá ESB til að taka á

móti þýskri hljómsveit í sumar og heimsækja þau til baka næsta sumar. Styrkurinn nemur nokkrum hundruðum þúsunda. Þetta er sérstaklega ánægjulegt þar sem skólasveitir hafa áður lagt mikla vinnu og tíma í að sækja um þessa styrki en ávallt fengið neitun. Það virðist því vera lag núna að endurskoða slíkar umsóknir til ESB. Áhugasamir geta snúið sér til Stefáns Ómars með fyrirspurnir.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 10,45

Össur Geirsson

ritari

Samráðsfundur SÍSL og SÍL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

sunnudaginn 7. apríl 2002 kl. 10,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson frá SÍSL og Vilborg Jónsdóttir, Ásdís Þórðardóttir, Atli Týr Ægisson og Jón Ingvar Bragason frá SÍL.

- Nótur.** Vilborg gerði grein fyrir því að SÍL hefur keypt lagerinn af rauðu bókunum svokölluðu (Íslensk Alþýðulög). Þessar bækur verða ekki gefnar út aftur en þeir sem hugsanlega hafa áhuga á að kaupa bækur, t.d. til að fá nýjar bækur í stað týndra bóka geta haft samband við SÍL. SÍL er einnig að gefa út um þessar mundir efnið “Leikandi létt”, 11 íslensk og vel þekkt erlend lög fyrir lúðrasveitir, stórar sem smáar. Birgir gerði grein fyrir útgáfumálum SÍSL, nýtt efni fyrir A-B sveitir sem kemur út í mánuðinum. Einnig var rætt um aðgang SÍL að SÍSL efni (Suite Arktica II, Á Sprengisandi og Suðurnesjamenn) og um aðgang SÍSL að SÍL efni. Fyrirkomulagið verður þannig að hljómsveitum verður boðið að kaupa sér þetta efni ef áhugi er fyrir hendi. Þó samþykkt að SÍL sveitir fái án endurgjalds eintak af laginu Á Sprengisandi í útsetningu Páls P. Pálssonar.
- NoMU.** Vilborg fer á næsta NoMU fund sem fulltrúi SÍL og SÍSL. Þessi fundur eins og aðrir vorfundir er aðalfundur og verður þar kosið til sjórnar ásamt öðrum aðalfundarstörfum. Vilborg gerði grein fyrir hljómsveitarnámskeiðinu í sumar, Nordens blásermusikere, sem haldið er í Lahti í Finnlandi. Fulltrúar Íslands verða sex talsins að þessu sinni. Mögulega er einnig pláss fyrir euphonium og hornleikara en það skýrist innan skamms. Rætt um fyrirkomulag við að panta flug fyrir hópinn og erfiðleika við að fjármagna námskeiðið. Bent var á mikilvægi þess að auglýsa námskeiðið betur, bæði innan hljómsveitanna sjálfra og eins í fjölmiðlum. Ákveðið að NoMU-farar í sumar skili greinargerð um mótið sem hægt verður að senda til fjölmiðlanna og víðar.
- Landsmót SÍSL.** Birgir gerði stuttlega grein fyrir landsmóti SÍSL næsta ár og að sú hugmynd hefði komið fram að fá frumsamið tónverk fyrir mótið.
- Dagur lúðrasveitanna.** Mikið var rætt um dag lúðrasveitanna sem stefnt er á að halda hátíðlegan þann 1. júní næstkomandi. Æskilegt væri að sem flestar lúðrasveitir á landinu tækju á einhvern hátt þátt í deginum, t.d með skrudgöngu og/eða tónleikum í sinni heimabyggð. Mikill áhugi var meðal fundarmanna um að halda veglega hátíð í Reykjavík þennan dag með þátttöku sem flestra sveita af suðvesur-horninu. Hugmyndin er að hittast t.d. í Hljómskálagarðinum og marsera

með sem allra flestar sveitir inn á Ingólfstorg og leika þar sameiginlega nokkur lög. Gaman væri að fá sem flestar sveitir í skrúðgönguna, þær þyrftu ekki allar að spila í göngunni en sameiginlegir tónleikar yrðu á Ingólfstorgi í lokin þar sem allir gætu verið með allt frá þeim yngstu til hinna elstu. Nauðsynlegt yrði því að hafa einhverja æfingu fyrir konsertinn og myndi hún verða þá um morguninn, helst innandyra í einhverju íþróttahúsinu. Mikla áherslu verður að leggja á agamál. Mikilvægt er að ekki sé verið að “berja bumbur og freta í lúðra” óskipulega og ósamhæft, heldur að sýna hvers megnugar góðar lúðrasveitir eru. Fundarmenn skiptu með sér verkum við undirbúning dagsins og ákváðu að hittast aftur að viku liðinni á sama stað til að bera saman bækur. Verkefni eru:

- Samband við Hitt Húsið um mögulega þátttöku
- Lögreglan og Strætó vegna lokunar á götum
- Kynningarþátturinn, bæði til okkar fólks og til fjölmiðla
- Laugavegssamtökin, athuga hugsanlegt samstarf
- Dagblöðin, kanna verð á auglýsingum
- Fjölmiðlar, kanna möguleika á umfjöllun
- Áhugi lúðrasveitanna á deginum
- Kynnir

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 12,20

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

fimmtudaginn 2. maí 2002 kl. 9,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

Dagur lúðrasveitanna, 1. júní. Rætt um dag lúðrasveitanna 1. júní og fyrirkomulag hans. Ánægjulegt væri ef sem flestar hljómsveitir um land allt héldu upp á daginn á einhvern hátt t.d. með tónleikum eða skrúðgöngu. Góður vilji hefur komið fram hjá öllum sveitum á suðvestur-horninu að taka þátt í sameiginlegum hátíðarhöldum í Reykjavík. Þar sem LR er að leika í Þjóðleikhúsinu þennan dag var ákveðið að fresta skrúðgöngunni til kl. 15,00 svo LR geti verið með. Dagskrá dagsins verður á þessa leið.

- 13,00 Byrjað að safnast saman í Hljómskálagarðinum
- 13,30 Samæfing allra þátttökusveita í Hljómskálagarði. Þar sem okkar hagar felst í því að tónleikarnir á Ingólfstorgi gangi sem best fyrir sig er nauðsynlegt að hafa góða samæfingu.
- 14,30 Samæfingu lýkur og eftir stutta pásu er stillt upp fyrir skrúðgönguna.
- 15,00 Skrúðgangan leggur af stað, gengið um Frikirkjuveg, Lækjargötu og Austurstræti inn á Ingólfstorg.
- 15,40 Tónleikar á Ingólfstorgi
- 16,00 Tónleikunum lýkur.

Lögin sem leikin verða á Ingólfstorgi eru þessi:

- Öxar við ána, úts. Ellert Karlsson
- Siggi var úti, úts. Össur Geirsson
- Ísland, úts. Ellert Karlsson
- Hver á sér fegra föðurland, úts. Ellert Karlsson
- Marsbúa cha-cha, úts. Össur Geirsson
- Á Sprengisandi, úts. Páll P. Pálsson, (endurunnið af Róari Kvam og Össuri Geirssyni)

Gert er ráð fyrir að allar sveitir geti spilað í Marsbúa cha-cha og Siggi var úti, en svo ræðst það af getu hvers og eins hve mikið hann spilar af hinum lögnum. Gert er ráð fyrir að

einungis lúðrasveitir fullorðinna og lengst komnu skólasveitirnar leiki með í laginu Á Sprengisandi.

Um skipulag að öðru leyti:

Skrúðgangan. Allar sveitir taka þátt í skróðgöngunni, en þurfa ekki að spila frekar en þær vilja. Yngri skólasveitir geta því marserað með, í búning og með hljóðfæri þó þær spili ekki.

Fánar: Æskilegt er að hver hljómsveit hafi fánabera og skarti sínum bæjarfána og einnig merki/fána hljómsveitarinnar þar sem slíkt er til.

Trommarar: Einungis átta slagverksleikarar leika með í sameiginlegu lögunum á Ingólfstorgi. Þeim verður stillt upp miðsvæðis í hópnum. Óskað er eftir einum trommuleikara úr hverri sveit fullorðinna og lengst komnu skólasveitunum í þennan hóp. Slagverksleikarar í yngri sveitum mega gjarnan leika á létt handslagverk í barnalögunum tveimur, þó viljum við forðast tambúrínur vegna þess skrölts sem frá þeim heyrir á milli laga. Kúabjöllur, klaves, bongótrommur, woodblock, triangel o.s.frv. eru heppileg hljóðfæri.

Nótnastólar. Gert er ráð fyrir að sveitir fullorðinna notu göngu-lýrur fyrir sig og minnki í ljósritun þau lög sem eru í A4 stærð. Yngri sveitir verða að hafa sinn fulltrúa á Ingólfstorgi sem bíður þeirra með nótnastóla. Þegar komið er á torgið gefst stutt stund til að setja upp nótnastólana áður er sameiginlegu lögin eru leikin.

Fjöldi þátttakenda. Vegna skipulags og uppröðunar á Ingólfstorgi er áriðandi að fá sem fyrst upplýsingar um áætlaðan fjölda þátttakenda frá hverri sveit fyrir sig.

Umgengnisreglur. Til að skróðgangan og athöfnin á Ingólfstorgi gangi vel fyrir sig og verði okkur til sóma er nauðsynlegt að hafa eftirtalin atriði ofarlega í huga:

- **Agi.** Sýnum aga og forðumst allan óþarfa hávaða (t.d. að blása ílúðra og berja bumbur á milli laga og á öðrum óviðeigandi stöðum). Þetta er algjörlega nauðsynlegt!
- **Nótnastólar.** Forðumst skrölt og óþarfa bægslagang þegar nótnastólarnir eru teknir upp. Hver sveit þarf að hafa einhvern á sínum vegum á Ingólfstorgi sem passar upp á nótnastólana og aðstoðar við að afhenda þá þegar við komum á torgið.
- **Nótur – möppur.** Á sama hátt og með nótnastólana er æskilegt að yngri sveitirnar hafi sínar notur á Ingólfstorgi, nema þær séu þeim mun nettari svo þau geti haldið á þeim í skróðgöngunni.
- **Liðsstjórar?** Æskilegt er að yngri sveitirnar hafi nokkurskonar liðsstjóra sem sjái um að koma í veg fyrir ærsl og læti og að hljómsveitirnar komi sómasamlega fram. Koma þarf í veg fyrir skvaldur og óróleika.

Eftir er að skipuleggja röð hljómsveita í skróðgöngu og uppröðun á Ingólfstorgi. Það verður gert þegar nánari upplýsingar um fjölda þátttakenda liggja fyrir.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 10,45

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

fimmtudaginn 12. september 2002 kl. 9,30.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

- 1. Fundatímar vetrarins.** Fundatímar stjórnar ákveðnir. Að jafnaði verði fundir síðasta fimmtudag hvers mánaðar. Næstu fundir verði 26. sept. 31. okt og 28. nóv.
- 2. Landsmót.** Ljóst er að aðstaða til landsmóts er mjög góð á Akureyri, gisting, tónleikastaður og sundlaug á sama svæð. Rætt um tímasetningu landsmóta almennt. Haustmót eru enn til umræðu. Ljóst að tíminn frá maíbyrjun nýtist okkur illa vegna samræmdra prófa, og prófa í grunn- og framhaldsskólum sem dekkja allan mánuðinn. Birgir mun hafa samband við mótshaldara og ræða tónlist fyrir mótið, útsetningar og tónsmíðar, og framkvæmd mótsins almennt.
- 3. Nótur.** Nú eru tilbúnar 11 útsetningar fyrir barnalúðrasveitir sem fara í póst á næstu dögum. Það tók lengri tíma en áætlað var að prenta pakkann og koma honum í dreifingu. Verðið á pakkanum til aðildarsveita SÍSL er 15.000 krónur sem gerir rétt innan við 1500 krónur á útsetninguna. Svo lágt verð er hvergi hægt að sjá á útgefnum nótum, enda allur kostnaður í lágmarki. Það er von stjórnar að þessum nótnapakka verði vel tekið, enda hér verið að bregðast við óskum félagsmanna um léttar útsetningar sem hægt er að nota í minni samspilshópum. Þessar útsetningar eru allar í A – B styrkleikaflokki og hafa allar verið reyndar hjá Skólahljómsveit Kópavogs og sumar þeirra einnig í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónskóla Sigursveins. Það er “næsta víst” að allar SÍSL sveitir finna í þessum pakka efni sem þeim hentar og getur nýst þeim um ókomin ár.
- 4. NoMU.** Birgir fer til Færeyja í október á næsta fund NoMU. Rætt um NoMU starfið og samvinnuna við SÍL. Athuga á með að hafa fund með SÍL áður en Birgir fer á fundinn í Færeyjum.
- 5. Dagur lúðrasveitanna.** Rætt um dag lúðrasveitanna sem haldinn var 1. júní sl. Dagurinn gekk vel fyrir sig að mestu leyti þrátt fyrir úrhellisrigningu og margar sveitir stóðu sig mjög vel, höfðu vandað til æfinga og undirbúnings eins og best mátti vera. Ljóst að meira skipulag þarf til að dagurinn gangi enn bettur upp og meiri áhuga stjórnenda ýmissa sveita. Einnig þarf að leggja meiri áherslu á auglýsingar og samstarf við fjölmiðla.

- 6. Lúðrasveit Æskunnar.** Stefán Ómar ræðir við Þorleik framkvæmdastjóra LÆ og boðar hann á næsta fund. Landsmótshaldarar hafa ákveðnar hugmyndir um stjórnanda og vilja koma að framkvæmd LÆ að þessu sinni. Rætt um þrúfuspil og framkvæmd þess. Líklegt fyrirkomulag er að haldnar verði tvær æfingahelgar í febrúar og mars og síðan verði æft föstudag, laugardag og sunnudag á landsmóti. Hugsanlegt að hafa eina æfingahelgi á Akureyri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11,30

Össur Geirsson
ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn á Urðarstíg 10

fimmtudaginn 26. september 2002 kl. 9,30.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson. Einnig sat Þorleikur Jóhannesson framkvæmdastjóri LÆ hluta fundarins.

- 1. Landsmót.** Umsóknir um landsmót ársins 2005 frá síðasta aðalfundi skoðaðar. Birgir tekur að sér að ræða við fulltrúa hljómsveitarinnar á Akranesi um að halda landsmót 2005. Birgir hefur einnig haft sambnd við mótshaldara 2003 og nánari upplýsinga frá þeim er að vænta á næstu vikum. Minna þarf mótshaldara á að boða formlega til landsmóts. Rætt um skipulag landsmóta og kostnað, fjallað um tíðni móta og að hafa mótin jafnvel á 18 mánaða fresti, haust og vormót til skiptis.
- 2. Lúðrasveit Æskunnar.** Setja þarf dagskrá/vinnuplan fyrir árið. Mikilvægt að stjórnendur sveitanna styðji sína nemendur og leggi áherslu á að nemendur sinni þessu vel ef þeir komast að. Rætt um framkvæmd þrúfuspilsins. Hugmyndin er að hafa þrúfuspil þrúfskipt:
 - Sama verk fyrir alla nem. á sama hljóðfæri,
 - Verk að eigin vali,
 - Ólesið efni.

Inntökuskilyrði eru að vera orðin 14 ára, og vera hljóðfæraleikari í skólalúðrasveit. Einnig skal leikni viðkomandi miðist við IV – V stig. Þeir sem taka þátt í LÆ gangast undir þá skyldu að mæta á landsmót á Akureyri þar sem aðaltonleikar sveitarinnar verða haldnir. Inntökupróf verða haldin í janúar á næsta ári og innan skamms þarf að senda út umsóknir og auglýsa umsóknarfrestinn..

Æfingahelgar verði í mars og apríl og æskilegt að önnur æfingahelgin verði á Akureyri. Síðan verða æfingar föstudag, laugardag og sunnudag á landsmótinu og tónleikar á sunnudeginum í lok landsmóts.

3. **Nótur.** Nú er nótnapakinn með 11 íslenskum og vel þekktum erlendum lögum farinn af stað til félagsmanna. Stjórnin hefur áhuga á að heyra frá stjórnendum um þessar nótur, hvort þetta nýtist sveitunum o.s.frv.
4. **NoMU.** Birgir er búinn að tilkynna þátttöku á fundinn í Færeyjum. Ákveðið að boða til fundar með SÍL innan skamms til að yfirfara sameiginleg málefni fyrir NoMU fundinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11,30

Össur Geirsson
ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

mánudaginn 14. október 2002 kl. 9,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson. Einnig sat Vilborg Jónsdóttir formaður SÍL fyrri hluta fundarins..

1. **NoMU.** Fjallað um NoMU og ferð Birgis til Færeyja á næsta fund NoMU. Rætt um möguleika á samvinnu allra áhugasamtaka tónlistarfólks á Íslandi. Spurning hvort slík samvinna gæti rekið skrifstofu þar sem upplýsingum væri safnað og miðlað til félaganna. Einnig yrði þar samastaður fyrir ýmis gögn sem skipta máli fyrir félögin.

Rætt um framtíð lúðrasveita og kennslu á blásturshljóðfæri. Ákveðinn skuggi yfir hvoru tveggja um þessar mundir.

Er rétt að kaupa erlenda leiðbenendur til landsins til að vera með námskeið eða væri eðlilegra að styrkja fólk til að fara utan á námskeið? E.t.v. fælist hlutverk SÍL/SÍSL í að afla upplýsinga um námskeið og koma á framfæri hér á landi.

Blásaranámskeið NoMU. Athuga með að gefa fleiri hljóðfæraleikurum kost á að vera með. Það á ekki að vera sjálfgefið að fólk komist aftur og aftur á námskeiðið og loki þannig fyrir nýliðun. Rætt um að tengja LÆ við þessa sveit, t.d. á þann hátt að einn úr LÆ fá sem viðurkenningu að fara í NoMU sveitina. Gengur þó ekki upp þegar LÆ starfar að mestu leyti á vorin.

Vilborg gaf skýrslu frá síðasta NoMU fundi og gaf Birgi ýmsar upplýsingar um starf SÍL til að fara með á fundinn í Færeyjum

2. **Fjármál.** Farið yfir rekstraráætlun næsta árs. Send verður umsókn til menntamálaráðuneytisins um styrk fyrir næsta ár.
3. **Landsmót.** Undirbúningur kominn vel af stað fyrir norðan. ganga þarf í að finna erlendan stjórnanda fyrir LÆ sem fyrst. Þar sem norðanmenn hafa ákveðnar hugmyndir þar um er beðið eftir upplýsingum frá þeim.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11,15

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn að Lágholti 1, Mosfellsbæ

fimmtudaginn 1. nóvember 2002 kl. 8,30.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

- 1. Tónlistarkennsla á Íslandi.** Fundurinn hófst á óformlegu spjalli um fyrirkomulag tónlistarkennslu á Íslandi. Rætt um nýlega tilraun Þóris Þórissonar sem fjallaði um áhrif þess að taka nemendur út úr tímum í Reykjavík til að sækja hljóðfærátíma.
- 2. NoMU.** Birgir lagði fram greinargerð um fund NoMU í Færeyjum þann 26. og 27. október sl. Fram kom að áhugi er á að hafa NoMU fund á Íslandi í tengslum við 50 ára afmæli SÍL, árið 2004. Sagði frá styrkbeiðnum og þeirri kúnst að kunna að sækja um styrki, því það eitt að senda umsókn þó henni sé hafnað vekur athygli á verkefninu. Birgir leitaði eftir aðgangi að námskeiðum fyrir okkur Íslendinga og fékk ýmsar upplýsingar sem hann lagði fram, t.d. upplýsingar frá sænska skólahljómsveitasambandi um námskeið og mót á næsta ári. Einnig lagði hann fram greinargerðir frá hinum samtökunum í NoMU. Annars fór mestur tími NoMU fundarins íað ræða Nordiske Blåsersinfonikere hljómsveitina, sem nú verður kölluð Norræna Blásarasveitin (NB) á íslensku. Námskeið NB í sumar gekk mjög vel og búið að ganga frá því að sami stjórnandi verður aftur á næsta námskeiði, sem haldið verður í Hamar í Noregi. Líklegt er að námskeiðið 2004 verði haldið í Svíþjóð. Reikningsuppgjör námskeiðsins lagt fram. Fjármögnun gekk upp að þessu sinni, en ákveðið að reyna að fá styrk frá Norrænu ráðherranefndinni fyrir næsta námskeið. SÍL þyrfti að senda umsón eða erindi til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Best væri að koma NB á samskonar fjárhagsgrundvöll og Orkester Norden. Þátttaka Íslendinga hefur verið góð á NB og vonandi að það haldi áfram. Í framhaldi af þessum umræðum vaknaði síðan aftur umræðan um stofnun regnhlífarsamtaka allra samtaka áhugafólks í íslensku tónlistarlífi.
- 3. Landsmót.** Nú er komið formlegt boð frá mótshöldurum á Akureyri á landsmót dagana 13. til 15. júní á næsta ári. Beðið er eftir nánari upplýsingum t.d. varðandi erlendan stjórnand og hugsanlega komu norsku hljómsveitarinnar Brazz Brothers á landsmótið. Enn og aftur varð umfjöllun um tíðni landsmóta og Birgir upplýsti að fulltrúar landsmóts á Akranesi myndu skoða þann möguleika að færa landsmót 2005 fram til hausts 2004.
- 4. Rekstraráætlun.** Farið yfir rekstraráætlun næsta árs. Ráðgert er að sækja um styrk til Menntamálaráðuneytisins vegna reksturs samtakanna á næsta ári.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10,30

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn að Urðarstíg 10, Hafnarfirði

föstudaginn 8. nóvember 2002 kl. 9,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

- 1. Landsmót.** Rætt um skipulag landsmótsins og framkvæmd þess. Enn beðið eftir svari frá nosrsku sveitinni Brazz Brothers um hugsanlega þátttöku þeirra. Ljós er að ef þeir koma á mótið verður ekki pláss fyrir LÆ á mótinu. LÆ myndi þá halda sína eigin tónleika, líklega í Reykjavík. Þá yrði unnið tvær stífar æfingahelgar og tónleikar haldnir í lok síðari tamarinnar. Einnig eru uppi hugmyndir um námskeið fyrir kennara á landsmótinu í kennslu á básúnu fyrir mjög unga nemendur. Aðkallandi að ljúka öllum þessum málum sem fyrst til að geta gengið í að skipuleggja Lúðrasveit Æskunnar
- 2. Lúðrasveit Æskunnar.** Brennur á að fara að senda út umsóknareyðublöð og upplýsingar um profuspil. Þyrfti að senda út kynningu á sveitinni sem fyrst. Rætt um að hafa æfingahelgar LÆ :
 - 21. – 23. febrúar og
 - 28. – 30. mars,með tónleikum þann 30. mars. Birgir verður í sambandi við Björn Sagstad um að taka þetta verkefni að sér.
- 3. Fjárhagsáætlun.** Gengið frá fjárhagsáætlun næsta árs. Næsta skref er að senda inn umsókn til menntamálaráðherra um styrk vegna næsta starfsárs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11,00

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

fimmtudaginn 28. nóvember 2002 kl. 9,30.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson. Þorleikur Jóhannesson sat hluta fundarins.

- 1. Rekstrarstyrkur.** Nokkrar breytingar gerðar á fjárhagsáætlun næsta árs og á erindi SÍSL til menntamálaráðherra um rekstrarstyrk fyrir næsta ár. Gengið var frá bréfinu og gjaldkeri setur það í póst.
- 2. LÆ.** Björn Sagstad er að athuga hvort hann hefur tíma til að sinna LÆ á næsta ári. Karen Sturlaugsson frá Reykjanesbæ er tilbúin að taka eina æfingahelgi á móti Birni. Athuga þarf með gistingu fyrir Björn á Akureyri, Birgir ætlar að athuga með íbúð hjá KÍ. Ritari ætlar að senda fyrirspurn til NoMU um aðra stjórnendur til að hafa í bakhöndinni ef Sagstad getur ekki tekið verkefnið að sér. Ákveðið að flytja fyrri æfingahelgina yfir á 28. febrúar til 2. mars, þar sem hún skaraðist við dag tónlistarskólanna. Rætt um að hafa umsóknarfrest LÆ til 20. des. og prufuspilið 18. – 19. janúar. Rætt um tengsl LÆ við landsmót og hvort það sé yfir höfuð æskilegt að tengja þetta saman. Rætt um efnisval fyrir sveitina. Ekki hægt að bíða lengi eftir efni. Þurfum að athuga hvað LÆ á af efni sem hægt er að nota og hvort sveitir innan SÍSL eigi kannski gott efni sem hægt er að nálgast. Prufuspilsefni verður komið til Þorleiks svo hann geti sent það út strax og umsóknarfresti lýkur.
- 3. Félagaskrá.** Farið var yfir félagaskrá SÍSL. Samtals eru nú 33 virkar sveitir í samtökunum af öllu landinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11,20

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn að Lágholti 1

fimmtudaginn 5. desember 2002 kl. 9,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

- 1. Landsmót.** Mótshaldarar á Akureyri hafa beðið um að fá að fresta landsmótinu fram til haustsins 2003. Erindið rætt fram og til baka. Ljóst að helsta ástæða frestunar er sá möguleiki að fá norsku hljómsveitina Brazz-Brothers til þátttöku á mótinu. Niðurstaða stjórnarinnar var sú að þrátt fyrir kosti þess að halda haustmót og gagnsemi þess að fá Brazz-brothers á landsmót, sé ekki forsvaranlegt að breyta þeirri dagsetningu sem búið er að stefna að og auglýsa, að svo stöddu. Því er lagt til að landsmót verði á Akureyri helgina 13. – 15. júní, 2003.
- 2. LÆ.** Komnar eru tillögur frá Þorleiki að bréfum til stjórnenda og nemenda vegna LÆ. Þau bréf verða send út bráðlega. Næsta skref verður að hittast og skoða saman nótur í eigu SÍSL til að velja efni bæði fyrir prufuspil og til að nota á tónleikunum.
- 3. Reikningar vegna NoMU.** Birgir lagði fram nokkra reikninga vegna ferðar á NoMU fund í Færeyjum í október. Frestað til næsta fundar
- 4. NoMU fundur.** Halda þarf fund með stjórn SÍL vegna næsta NoMU fundar.
- 5. Kostnaðargreiðslur.** Samþykkt að SÍSL greiði stjórnarmönnum kr. 15.000 vegna útlagðs kostnaðar vegna stjórnarfunda síðustu tveggja ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10,45

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

mánudaginn 30. desember 2002 kl. 10,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson. Þorleikur Jóhannesson sat þann hluta fundarins er sneri að Lúðrasveit Æskunnar

- 1. Landsmót.** Ekki hefur heyrst frá mótshöldurum aftur varðandi dagsetningu mótsins, en þeir vildu athuga með að fresta mótinu til næsta hausts. Birgir mun fylgja því máli eftir. Rætt um ýmsa hluti varðandi landsmót og framkvæmd þess.
- 2. Lúðrasveit Æskunnar.** Verið er að ganga frá því að ráða norska stjórnandann Kjell Seim til að stjórna LÆ á næsta námskeiði. Björn Sagstad sem stjórnaði síðasta námskeiði gat ekki tekið þetta að sér að þessu sinni þar sem hann var upptekinn við annað á þessum tíma. Björn sendir hins vegar öllum sem hann kynntist á Íslandi sínar bestu kveðjur og vonast til að geta komist aftur þó síðar verði. Kjell Seim hefur reynslu af því að stjórna svona úrvalsveitum og hefur m.a. stjórnað Norrænu Blásarasveitinni, sem NoMU stendur fyrir á hverju ári. Hann hefur stjórnað þar tvö síðustu ár og mun stjórna aftur í Bergen í sumar. Dagsetningar á æfingahelgum LÆ hafa nú verið festar og þær munu ekki breytast þó landsmótið hugsanlega verði fært til haustsins. Rætt um fyrirkomulag profuspils. Prófað verður í fjórum hópum og reynt verður að ljúka öllum profuspilum laugardaginn 18. janúar. Þorleikur mun senda út profuspilsefnið þann 10. janúar og hefur fólk því eina viku til að æfa það áður en til profuspils kemur. Þeir sem taka þátt í profuspilinu þurfa að spila eitt skylduverk, eitt verk að eigin vali (hámark ein mín. að lengd) og stutt ólesið efni.
- 3. Nótnasafn.** Eftir að formlegum fundi lauk fóru stjórnarmenn í gegn um nótnasafn LÆ. Skoðuð voru verk sem til greina koma sem efni fyrir LÆ í vor. Profuspilsefni fundið til, klippt saman og ljósritað fyrir öll hljóðfæri og sent Þorleiki til útsendingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12,15

Össur Geirsson

ritari